



Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 29. janúar 2021
nr. erindis 2101032

Á 395. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 28. janúar 2021 var tekið fyrir neðangreint erindi:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða
Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.), 418. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 10. febrúar 2021.

Afgreiðsla bæjarstjórnar:

Drög að frumvarpi þessu voru birt 4. september 2020 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is (mál nr. S-175/2000). Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar sendi umsögn í samráðsgátt stjórnvalda við drög að frumvarpinu þar sem gerðar voru athugasemdir við skort á uppgjöri svonefndra skelbóta í frumvarpinu í samræmi við tillögu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, enda hefur bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar ávallt lagt þunga áherslu á mikilvægi skelbóta fyrir atvinnulífið í Stykkishólmi og þar með samfélagið í heild. Var m.a. tekið sérstaklega undir með starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem lagði til að „gert verði upp við handhafa skel- og rækjubóta“. Í ljósi þess að frumvarpið hefur tekið breytingum á tillögu um uppgjör svonefndra skel- og rækjubóta styður bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar við fyrirliggjandi frumvarp og hvetur Alþingi til þess að afgreiða málið sem fyrst.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Jakobsson
bæjarstjóri.

